

Sp.

## 407. Skýrsla

fjármálaráðherra um ríkisfjármál 1983 samkvæmt bráðabirgðatölum ríkisbókhalds í árslok 1983.

(Lögð fyrir Alþingi hinn 28. febrúar 1984.)

### EFNISYFIRLIT

#### 1. Afkoma ríkissjóðs, yfirlit

#### 2. Ríkisfjármálin 1983

##### 2.1 Aðgerðir í efnahagsmálum

##### 2.2 Verðlagsforsendur fjárlaga

#### 2.3 Tekjuhlíð ríkissjóðs

#### 2.4 Gjaldahlíð ríkissjóðs

#### 3. Lántökur hins opinbera 1983

##### 3.1 Lánsfjáröflun

##### 3.2 Lánsfjárráðstöfun

#### 4. Töfluviðauki

### 1. Afkoma ríkissjóðs, yfirlit

Hlutverk þessarar skýrslu er að gera grein fyrir þróun helstu þátta ríkisfjármálanna á árinu 1983. Árið einkenndist af miklum umskiptum í efnahagsmálum með aðgerðum nýrrar ríkisstjórnar sem tók við völdum í lok maí. Núverandi ríkisstjórn greip til róttækra aðgerða, m. a. á sviði launamála og opinberra fjármála. Mikilvægur hlekkur í þeim aðgerðum fólst í endurskoðun fjárlaga ársins 1983, en þau voru byggð á forsendum um mun minni launa- og verðlagsbreytingu en raunin leiddi í ljós. Sýnt var því að það stefndi í verulegan rekstrar- og greiðsluhalla hjá ríkissjóði á árinu 1983. Hér verður lögð áhersla á að sýna og skýra frávik fjárlaga og endurskoðaðrar áætlunar frá bráðabirgðauppgjöri ríkisbókhalds á raunverulegri afkomu ríkissjóðs 1983. Niðurstöður endanlegs ríkisreiknings víkja eitthvað frá þeim tölum sem birtast hér, aðallega vegna óinntra uppgjöra sem tilheyra árinu 1983. Í sérstökum kafla er gerður samanburður á lánsfjárlögum 1983, sem voru afgreidd frá Alþingi 28. mars 1983, og raunverulegri afgreiðslu lánsfjár til opinberra aðila. Í töflum í viðauka eru ýmis yfirlit sem sýna mikilsverða þætti ríkisfjármálanna.

Þær niðurstöður sem hér eru birtar um afkomu ríkissjóðs árið 1983 eru byggðar á bráðabirgðauppgjöri ríkisbókhalds nú í febrúarmánuði og er þar um uppgjör að ræða sem byggir í meginráttum á greiðslugrunni. Niðurstöður, sem hér koma fram, eru því frábrugðnar því sem endanlegur ríkisreikningur fyrir árið 1983 mun sýna, þar sem hann er gerður upp samkvæmt rekstrargrunni. Fjárlög hverju sinni eru á greiðslugrunni og því gefur samanburður við bráðabirgðaniðurstöður á sama grunni raunhæfa viðmiðun. Að auki þykja niðurstöður sem byggjast á greiðslugrunni gefa réttari mynd af raunverulegum áhrifum ríkisfjármála á efnahagslífið.

Yfirlit I hér að neðan sýnir afkomu ríkissjóðs 1983 miðað við fjárlög, endurskoðaða áætlun frá í maí og bráðabirgðatölur ríkisbókhalds (allar fjárhæðir í m. kr.)

### Yfirlit I

	(1)	(2)	(3)	(4)
	Fjárlög 1983	Endurskoðuð áætlun maí, 1983	Bráðabirgðatölur ríkisbókhalds 31.12.1983	Bráðabirgðatölur, greiðslugrunnur 31.12.1983
1. Tekjur .....	13 007	15 000	15 100	15 100
2. Gjöld .....	12 973	15 632	16 598	16 263
<b>3. Tekjur umfram gjöld .....</b>	<b>34</b>	<b>-632</b>	<b>-1 498</b>	<b>-1 163</b>
4. Lánahreyfingar, Seðlabanki meðtalinn (nettó) .....	-2	-213	911	576
5. Viðskiptareikningar .....	-15	-15	-160	-160
<b>6. Greiðsluafgangur .....</b>	<b>17</b>	<b>-860</b>	<b>-747</b>	<b>-747</b>

Þess ber að geta sérstaklega að í yfirlitinu eru sýndar annars vegar bráðabirgðaniðurstöður ríkisbókhalds og hins vegar, eins og það er nefnt hér: bráðabirgðatölur, greiðslugrunnur. Mismunurinn skýrist af því að í tölum ríkisbókhaldsins er uppgjör við tvo aðila á árinu 1983 sem leiddu ekki til greiðslustrauma. Hér er um að ræða uppgjör við Landsvirkjun, 280,5 m. kr., og við Vestmannaeyjakaupstað, 55,1 m. kr. Þar sem markmið þessarar skýrslu er að fjalla um ríkisfjármálin á greiðslugrunni þótti rétt að einangra þessa þætti og láta þá ekki hafa áhrif á afkomuna. Við það verður miðað hér á eftir. Gjaldatalan lækkar því um 335 m. kr. og á móti kemur lækkun í lánahreyfingum sem nemur sömu fjárhæð.

Eins og yfirlitið ber með sér eru veruleg frávik á milli fjárlaga og endurskoðaðrar áætlunar annars vegar, og fjárlaga og bráðabirgðaniðurstöðutalna hins vegar. Orsakir þessara frávika eru einkum tvíþættar. Í fyrsta lagi reyndist raunveruleg launa- og verðlagsþróun á árinu 1983 verulega frábrugðin því sem forsendur fjárlaga gerðu ráð fyrir. Í öðru lagi varð samdráttur efnahagsstarfseminnar í landinu mun meiri og hraðari en séð var fyrir við gerð fjárlaga 1983, og kemur það hart niður á teknahlið ríkissjóðs.

Frávik á gjöldum milli endurskoðaðrar áætlunar frá í maí og bráðabirgðaniðurstöðutalna er til komin m. a. vegna þess að lækkun útgjalda um 300 m. kr., sem heimiluð var við setningu bráðabirgðalaga í lok maí, náði ekki fram að ganga. Að teknu tilliti til þessa nemur greiðsluhallinn samkvæmt endurskoðuðu áætluninni tæpum 1 200 m. kr.

Við þær aðstæður sem ríktu á árinu 1983 koma berlega í ljós grundvallareinkenni ríkisfjármálanna sem lýsir sér í því hve mjög afkoma (teknahlið) ríkissjóðs er komin undir hagsveiflunni. Óbeinir skattar nema 80% af tekjum ríkissjóðs og beinir skattar, sem grundvallast á tekjum næstliðins árs, aðeins 20%. Tekjur ríkissjóðs eru því að verulegu leyti háðar ástandi efnahagsmála hverju sinni og dragast sjálfkrafa saman þegar veltusamdráttur á sér stað í þjóðfélaginu. Á hinn bóginn er útgjaldahlið ríkissjóðs að miklu leyti bundin af ákvæðum gildandi laga og útgjaldaáformum sem erfitt er að breyta innan fjárlagaársins.

Af framangreindum orsökum varð óhjákvæmilega verulegur rekstrar- og greiðsluhalli hjá ríkissjóði á árinu 1983 og var hann fjármagnaður með miklum yfirdrætti á aðalviðskiptareikningi ríkissjóðs í Seðlabankanum. Greiðsluafkoma ríkissjóðs gagnvart bankakerfinu er sýnd í eftirfarandi yfirliti:

#### Yfirlit II

	(1)	(2)	(3)
	Fjárlög 1983	Endurskoðuð áætlun maí, 1983	Bráðabirgða- tölur 31.12.1983
6. Greiðsluafgangur (sjá Yfirlit I) .....	17	-860	-747
7. Seðlabanki: Nýjar lántökur .....	—	—	-623
Afborganir af lánum .....	60	60	110
<b>8. Greiðsluafkoma ríkissjóðs .....</b>	<b>77</b>	<b>-800</b>	<b>-1 260</b>

Yfirlitið sýnir að samtala rekstrarafgangs, lánahreyfinga utan Seðlabankans og viðskiptareikninga myndar neikvæða greiðsluafkomu ríkissjóðs að fjárhæð 1 260 m. kr. Þessi fjárþörf ríkissjóðs hefur verið fjármögnuð innan ársins með yfirdrætti á aðalviðskiptareikningi ríkissjóðs í Seðlabankanum, en um það mun fjallað nánar síðar.

## 2. Ríkisfjármálin 1983

Framkvæmd fjárlaga 1983 varð að ýmsu leyti með öðrum hætti en að var stefnt við afgreiðslu þeirra í desember 1982. Þróun verðlags, launa og gengis reyndist nokkuð frábrugðin því sem reiknað var með í forsendum fjárlaga. Auk þess gripu stjórnvöld til efnahagsaðgerða sem höfðu umtalsverð áhrif á fjármál ríkissjóðs.

### 2.1 Aðgerðir í efnahagsmálum

Á tímabilinu janúar til apríl 1983 beitti þáverandi ríkisstjórn og Seðlabankinn sér fyrir ýmsum efnahagsaðgerðum sem sumar hverjar skiptu verulegu máli fyrir fjárhag ríkissjóðs. Gengi íslensku krónunnar var breytt 5. janúar 1983 og var þá meðalgengi krónunnar 9% lægra en það var skráð 31. desember 1982. Gengisbreytingin leiddi af sér 9,9% meðalhækkun á verði erlends gjaldeyris. Með lögum nr. 2/1983 um efnahagsaðgerðir voru staðfest bráðabirgðalög ríkisstjórnarinnar frá því í ágúst 1982. Öll meginatriði þeirra laga hvað varðar áhrif á fjármál ríkissjóðs voru metin í fjárlögum ársins 1983.

Ríkisstjórnin, sem mynduð var 26. maí 1983, ákvað þegar í stað víðtækar efnahagsráðstafanir. Gengi íslensku krónunnar var lækkað og gefin voru út bráðabirgðalög um launamál, ráðstafanir í sjávarútvegsmálum, fjármálaráðstafanir til verndar lífskjörum, frestun greiðslna á hluta af verðtrygðum íbúðarlánnum og um verðlagsmál. Gengi krónunnar var lækkað um 14,6% gagnvart dollar, en það fól í sér 17,1% hækkun á meðalgengi erlends gjaldeyris. Meðalverð erlends gjaldeyris 1983 var þannig um 89% hærra en að meðaltali 1982. Þau ákvæði bráðabirgðalaga ríkisstjórnarinnar sem höfðu mest áhrif á fjármál ríkissjóðs voru fyrst og fremst ákvæðin um niðurfellingu vísitölubindingar launa í lögum og kjarasamningum. Gildir sú tilhögun um tveggja ára skeið frá 1. júní 1983. Jafnframt var ákveðið í lögnum að laun hækkðu um 8% 1. júní og um 4% 1. október, en samkvæmt þeim lögum sem áður giltu hefðu laun hækkað um 22% 1. júní. Lágmarkstekjur fyrir fulla dagvinnu samkvæmt kjarasamningum ASÍ og BSRB skyldu þó hækka um 10% 1. júní. Að auki var í lögnum ákveðið að allar launahækkanir, umsamdar eða óumsamdar, væru óheimilar fram til 31. janúar 1984. Fjármálaráðstafanir til verndar lífskjörum tóku m. a. til lækkunar á greiðslu opinberra gjalda einstaklinga með hækkun persónuafsláttar og barnabóta vegna barna undir sjö ára aldri. Þá voru greiðslur til jöfnunar húshitunar-kostnaðar auknar og til kom sérstök hækkun tekjutryggingar og heimilisuppbótar elli- og örorkulífeyrisþega. Heildarkostnaður vegna þessara ráðstafana var talinn nema rösklega 400 m. kr. en á móti auknum útgjöldum var ríkissjóði heimiluð lækkun útgjalda samkvæmt fjárlögum um 300 m. kr. Auk þessara ráðstafana ákvað ríkisstjórnin nokkrum vikum síðar að lækka tolla á ýmsum nauðsynjavörum og innflutningsgjald af bifreiðum og fella niður 10% gjald af sölu ferðagjaldeyris. Þessar ráðstafanir voru taldar lækka tekjur ríkissjóðs um 100 m. kr. á árinu 1983.

### 2.2 Verðlagsforsendur fjárlaga

Í reikniforsendum fjárlaga fyrir árið 1983 var gert ráð fyrir tilteknum verðlags-, launa- og gengisbreytingum á árinu 1983. Í yfirliti III hér á eftir er sýnd framvinda launa-, verðlags- og gengisbreytinga og gerður samanburður á þeim við forsendur fjárlaganna miðað við hækkun frá meðaltali 1982 til meðaltals 1983.

### Yfirlit III

	(1) Framvinda 1983 %	(2) Fjárlög 1983 %
1. Launabreytingar .....	52	42
2. Meðalgengi .....	89	39
3. Framfærsluvísitala .....	84	42
Byggingarvísitala .....	70	42
Lánskjaravísitala .....	79	42

Hér á eftir er gerð grein fyrir þróun launa, gengis og verðlags á árinu 1983.

*Laun:* Launaforsendur fjárlaga 1983 voru þær að vegin meðalhækkun launa næmi 14,5% á árinu 1983, þar af 10,5% vegna verðbóta á laun og 4% vegna grunnkaupshækkunar og áhrifa sérkjarasamninga hjá opinberum starfsmönnum. Til að mæta þessum launabreytingum var áætlað að þyrfti alls 482 m. kr. á árinu 1983. Hins vegar þróuðust laun í raun þannig: 1) Grunnlaun hækkðu 1. janúar 1983 um 2,1%; 2) áhrif sérkjarasamninga við fjölmenna hópa ríkisstarfsmanna frá 1982 eru metin til 7—10% hækkunar grunnlauna; 3) verðbætur á laun námu 14,74% 1. mars; 4) samkvæmt ákvæðum laga nr. 56/1983 hækkðu laun um 8% 1. júní og um 4% 1. október, en sömu lög afnámu verðbætur á laun eins og áður segir. Vegin meðalhækkun launa er því um 32% á árinu 1983 í stað 14,5%

*Gengi:* Gengisforsendur fjárlaga ársins 1983 gerðu ráð fyrir 39% hækkun meðalgengis frá 1982 til 1983. Hins vegar reyndist raunveruleg hækkun meðalgengis mun meiri, eða nálægt 89%. Hækkun meðalgengis einstakra gjaldmiðla gagnvart íslensku krónunni reyndist nokkuð breytileg og má í því sambandi nefna að bandaríkjadollar hækkaði um 99,6%, sterlingspund um 74,5%, þýskt mark um 89,7%, yen um 110,6% og SDR um 94,0%. Áhrifa gengislækkana gætir einna mest í auknum útgreiðslum hjá ríkissjóði vegna afborgana og vaxta af ríkissjóðslánum. Á móti koma gengislækkanir hins vegar fram í auknum tekjum hjá ríkissjóði í kjölfar hærra innflutningsverðs sem síðan er lagt til grundvallar við tollútreikning.

*Innlent verðlag:* Almenn gerðu forsendur fjárlaga 1983 ráð fyrir 42% hækkun innlends verðlags frá meðalverðlagi 1982 til meðalverðlags 1983. Taflan hér að framan sýnir að framvindan var nokkuð önnur og verulega hærrí, en þó misjafnlega eftir því hvaða verðmælingu er beitt. Þannig hækkaði byggingarvísitala þessa tímabils um 70% og framfærsluvísitalan um 84%. Sá mismunur sem kemur fram á hækkun vísitalnanna tveggja skýrist einkum af því að laun vega mun þyngra í byggingarvísitölunni. Hins vegar gætti mikilla sveiflna í verðbólguhraðanum innan ársins. Var hann um mitt árið kominn yfir 100% miðað við heilt ár, en var í lok ársins kominn niður í 10—20%. Þannig var verðlag stöðugra síðustu mánuði ársins en verðlagsspár, sem tóku mið af efnahagsráðstöfunum ríkisstjórnarinnar í maí, höfðu áætlað.

Lánskjaravísitalan hækkaði um 79% milli meðalverðlags árána 1982 til 1983. Hún er samsett að 2/3 hlutum úr framfærsluvísitölu og 1/3 hluta úr byggingarvísitölu, en þær hafa verið birtar fjórum sinnum á ári hvor um sig. Í kjölfar ört minnkandi verðbólguhraða á árinu 1983 kom upp mikil gagnrýni á lánskjaravísitöluna sem mælikvarða, þar sem hún byggðist að jafnaði á 50 daga gömlum verðmælingum. Þessi gagnrýni leiddi til þess að ríkisstjórnin beitti sér fyrir breyttri aðferð við útreikning á lánskjaravísitölunni. Byggir sú aðferð á mánaðarlegum útreikningum grunnvísitalnanna og tók hún gildi 1. október 1983. Með þessum hætti styttist tölfin frá verðmælingu til gildistöku nýrrar lánskjaravísitölu úr 50 dögum í u. þ. b. 30 daga.

### 2.3 Teknahlið ríkissjóðs

Tekjur ríkissjóðs námu alls 15 100 þús. kr. á árinu 1983, sem er 2 093 m. kr. eða 16,1% hærrí fjárhæð en í fjárlögum 1983, en tekjur jukust um 58% milli ára. Meginskýring tekna umfram fjárlagaáætlun er, eins og fram er komið, önnur þróun verðlags en fjárlög voru reist á. Auk þessa leiddu efnahagsaðgerðir og ákvarðanir um skattabreytingar til nokkurra breytinga á tekjuhlið.

Tekjur af beinum sköttum, þ. e. í meginatriðum tekju- og eignarskattur auk sjúkra-tryggingargjalds, reyndust alls 2 412 m. kr. eða sem næst sú fjárhæð sem að var stefnt í fjárlögum. Svo sem fram kemur í töflu 1 í viðauka var innheimta beinna skatta um 62% hærrí fjárhæð en 1982. Til samanburðar er þess að geta að tekjubreyting milli áráanna 1981 og 1982 varð um 56%.

Innheimtir óbeinir skattar námu alls 12 196 m. kr. en það er 1 840 m. kr. eða 17,8% hærrí fjárhæð en fjárlög gerðu ráð fyrir. Veigamestu liðir óbeinna skatta eru gjöld af innflutningi, sölu- og orkujöfnunargjald, vörugjald og hagnaður af starfsemi ÁTVR.

Aðflutningsgjöld auk innflutningsgjalda af bifreiðum og bensíni urðu alls 2 555 m. kr. og er það 18,3% hærrí fjárhæð en í fjárlögum 1983. Til samanburðar nam innheimta 1982 alls 1 755 m. kr. Hækkun tekna ríkissjóðs af þessum veigamikla tekjulíð varð því aðeins 45,6% milli ára. Aðalskýring þess að tekjur ríkissjóðs af aðflutningsgjöldum hækkðu ekki meira en raun ber vitni er almennur eftirspurnarsamdráttur í þjóðfélaginu. Til dæmis nam fjöldi innfluttra bifreiða 1983 einungis um helmingi þess sem var 1982. Innheimt sölu- og orkujöfnunargjald varð alls 5 601 m. kr. eða 21,5% umfram fjárlagaáætlun. Hins vegar námu tekjur af þessum stofni 65,3% hærrí fjárhæð en 1982. Vörugjald nam 1 145 m. kr., en var í fjárlögum 1983 áætlað um 963 m. kr. Hækkun frá árinu 1982 nam 367 m. kr. eða 47,2%. Hagnaður af sölu ÁTVR var metinn í fjárlögum 830 m. kr. en varð í reynd 724 m. kr. Sé hagnaður 1982 skoðaður til hliðsjónar þá var hann 581 m. kr. Hækkun milli ára varð því einungis 25%.

Tekjur af öðrum óbeinum sköttum 1983 námu alls 3 316 m. kr. sem er 559 m. kr. umfram áætlun fjárlaga. Hliðstæðir tekjulíðir námu alls 2 161 m. kr. 1982 og hækkun milli ára er því alls 1 155 m. kr. eða 53,4%.

### 2.4 Gjaldahlið ríkissjóðs

Heildargjöld ríkissjóðs voru áætluð alls 12 973 m. kr. í fjárlögum 1983. Endurskoðuð áætlun frá því í maí gerði ráð fyrir að heildarútgjöld ríkissjóðs yrðu alls 15 632 m. kr. og var þar tekið tillit til efnahagsaðstæðna og efnahagsaðgerða ríkisstjórnarinnar. Samkvæmt bráðabirgðatölum á greiðslugrunni námu gjöld ríkissjóðs alls 16 263 m. kr. og er það nokkru hærrí fjárhæð en endurskoðaða áætlunin gerði ráð fyrir.

Í töflu 2 í viðauka er gefið yfirlit um skiptingu greiddra gjalda eftir málaflokkum. Þar kemur fram að gjöld alls jukust um 6 939 m. kr. eða um 74% milli ára, samanborið við aðeins 58% hækkun tekna ríkissjóðs. Hins vegar reyndust útgjöld 3 290 m. k. eða 25,4% umfram áætlun fjárlaga og verður gerð frekari grein fyrir því hér á eftir. Hækkun framlaga milli ára til einstakra málaflokka reyndist mjög mismikil og vega þá þyngst hækkunir til heilbrigðisþjónustu 117%, iðnaðar- og orkumála 133% og utanríkisþjónustu 103%. Í töflu 3 er sýnd þróun útgjalda eftir málaflokkum í hlutfalli við verga þjóðarframleiðslu á tímabilinu 1979–1983. Í flestum tilvikum er ekki veruleg sveifla í hlutdeild einstakra málaflokka en þó sýna niðurgreiðslur einna mest frávik. Heildargjöld ríkissjóðs nema 30,7% af vergri þjóðarframleiðslu, sem er hækkun miðað við fyrri ár, og skýrist hún af samdrætti í þjóðarframleiðslunni milli áráanna.

*Greiðsluheimildir umfram fjárlög:* Vegna þess hve útgjöld ríkissjóðs hafa farið fram úr áætlun fjárlaga urðu umframfjárveitingar mjög háar á árinu 1983. Alls nema umframfjárveitingar 3 304 m. kr. á árinu 1983 og eru þær að verulegu leyti til komnar vegna örari verðlagshækkunar en áætlað var, eins og frá hefur verið greint. Samtala fjárlaga og

aukafjárveitinga nemur alls 16 277 m. kr. og er það samanlögð greiðsluheimild á árinu 1983. Þessi niðurstaða er ekki nauðsynlega samhljóða niðurstöðu heildargjalda ríkisreiknings. Ávallt er nokkur fjárveiting í fjárlögum óhafin um hver áramót, sem þar af leiðandi veldur því að gjöld kunna að vera lægri en samanlagðar greiðsluheimildir.

Aukafjárveitingar samkvæmt bráðabirgðayfirliti og fjárlög 1983 skiptust þannig eftir gjaldategundum (í m. kr.):

#### Yfirlit IV

	(1) Fjárlög 1983	(2) Aukafjárveitingar 1983	(3) Alls
Laun .....	3 752	} 1 105	} 5 800
Rekstrargjöld .....	943		
Viðhald .....	361	12	373
Vextir .....	365	170	535
Stofnkostnaður .....	846	340	1 186
Yfirfærslur .....	6 962	1 677	8 639
Gjöld alls .....	13 229	3 304	16 533
Sértekjur .....	256	—	256
<b>Greiðsluheimild .....</b>	<b>12 973</b>	<b>3 304</b>	<b>16 277</b>

Aukafjárveitingar til samneyslunnar, þ. e. launa, rekstrargjalda, viðhalds og vaxta, nema alls 1 287 m. kr. og er það 23,7% hækkun frá fjárlögum. Framlög til stofnkostnaðar nema alls 1 186 m. kr. sem er 340 m. kr. hækkun frá fjárlagaáætlun og er það aðallega vegna framlaga til vegagerðar, eða 215 m. kr. Þá má geta þess að yfirfærslur, þ. e. almannatryggingar, niðurgreiðslur o. fl., námu alls 8 639 m. kr. eða 24,1% hærrí fjárhæð en ráðgert var í fjárlögum.

Aukafjárveitingar skiptast þannig á stærstu útgjaldaliði (í m.kr.):

Almannatryggingar .....	791	Vextir .....	170
Niðurgreiðslur .....	194	Vegagerð .....	253
Niðurgreiðslur vegna rafhitunar .....	100	Verðjöfnunargjald raforku .....	80
Lánasjóður ísl. námsmanna .....	135	Ríkisspítalar .....	185
Sýslumenn og bæjarfógetar .....	136	Lögreglustjórinn í Reykjavík .....	35
Landhelgisgæslan .....	36	Þróunarsamvinnustofnun Íslands .....	28
Háskóli Íslands .....	26	Aðrar aukafjárveitingar .....	1 102
Bygging grunnskóla .....	33		
		Aukafjárveitingar samtals	3 304

Útgjöld almannatrygginga reyndust um 791 m. kr. hærrí en reiknað var með í fjárlögum. Er þetta að verulegu leyti vegna breyttra verðlagsforsendna, en að hluta einnig vegna útgjalda umfram áætlun. Meðal annars var rekstrarhalli sjúkrahúsa 1982 bættur á árinu 1983 og tekinn inn rekstur nýrra daggjaldastofnana.

Vextir af lánum ríkissjóðs urðu alls 535 m.kr. og er það um 170 m.kr. umfram fjárlagaáætlun. Í fjárlögum var talið að yfirdráttarvextir ríkissjóðs í Seðlabanka gætu numið 85 m.kr. en í reynd nam þessi greiðsla 302 m.kr.

Niðurgreiðslur hækkðu í samræmi við ákvarðanir ríkisstjórnarinnar og námu aukaframlög vegna þeirra 194 m.kr.

Framlög til vegagerðar ríkisins 1983 námu alls 1 091 m.kr. Í fjárlögum er kveðið á um 838 m.kr. framlag. Hækkun nemur því 253 m.kr. Veitt var aukaframlag í samræmi við ákvörðun um skil markaðra tekna til vegagerðar. Þar af nam aukafjárveiting vegna snjómoksturs 22 m.kr. og vegna greiðslu afborgana og vaxta 14 m.kr.

Niðurgreiðslur á raffhitun voru auknar í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnar frá því í maí 1983. Alls um 100 m.kr.

Verðjöfnunargjald raforku, sem rennur til Rafmagnsveitna ríkisins (80%) og til Orkubús Vestfjarða (20%), hækkaði í gjaldahlið fjárlaga um 80 m.kr. vegna hækkunar markaðra tekna í tekjuhlið fjárlaganna. Lánasjóður íslenskra námsmanna átti í fjárhagserfiðleikum síðari hluta árs 1983. Að hluta var þetta vegna gengis- og verðlagsþróunar og að hluta vegna fleiri umsókna um lán en búist hafði verið við. Alls lagði ríkissjóður því fram viðbótarfjármagn að upphæð 135 m.kr. Af öðrum veigamiklum aukafjárveitingum má nefna 185 m.kr. til ríkisspítalanna sem er að verulegu leyti vegna breyttrar verðlagsþróunar. Umframútgjöld sýslumanna og bæjarfógetaembættanna námu alls 136 m.kr. og hjá Lögreglustjóranum í Reykjavík 35 m.kr. Veitt var aukafjárveiting til Landhelgisgæslunnar alls að fjárhæð 36 m.kr., þar af eru 13 m.kr. vegna fjármagnskostnaðar landhelgissjóðs, en að öðru leyti er um að ræða hækkun rekstrarútgjalda stofnunarinnar. Þá voru veittar 28 m.kr. til Þróunarsamvinnustofnunar Íslands vegna smíði og til útgerðar á skipi því sem gefið er til Grænhöfðaeyja og er liður í þróunaraðstoð Íslendinga. Aukafjárveiting til Háskóla Íslands nam alls 26 m.kr. og er að mestu leyti vegna verðlagsbreytinga og útgjalda við kennslu. Þá voru veittar 33 m.kr. í aukafjárveitingu til byggingar grunnskóla og var það að hluta vegna skuldauppgjörs 1983, 20 m.kr., og að hluta vegna skuldbindinga um framkvæmdir á árinu 1983.

Aðrar aukafjárveitingar en þegar hefur verið getið nema alls 1 102 m.kr. Þær eiga að miklu leyti rætur að rekja til nauðsynlegrar hækkunar á launalið fjárlaga vegna verðbóta á laun og umsaminna launabreytinga, sem ekki var séð fyrir við gerð fjárlaga. Sömuleiðis reyndist nauðsynlegt að auka almennt rekstrarfé margra ríkisstofnana vegna gjörbreyttra forsendna um verðlag innanlands milli áranna 1982 og 1983.

## 2.5 Greiðsluafkoma ríkissjóðs

Greiðsluafkoma ríkissjóðs árið 1983 reyndist verulega frábrugðin því sem fjárlög ársins gerðu ráð fyrir. Þannig var greiðsluafkoman áætluð jákvæð um 17 m.kr. í fjárlögum 1983, en í árslok reyndist hún óhagstæð um 747 m.kr. Eftirfarandi yfirlit sýnir fjárförf og greiðsluafkomu ríkissjóðs á árinu 1983, annars vegar samkvæmt fjárlögum og hins vegar í samræmi við framvindu ársins (í m.kr.).

### Yfirlit V

	(1)	(2)	(3)
	Fjárlög 1983	Bráðabirgða- tölur 1983	Mismunur
<b>I Tekjur umfram gjöld</b> .....	<b>34</b>	<b>-1 163</b>	<b>-1 197</b>
<b>II Lánahreyfingar, útstreymi</b> .....	<b>527</b>	<b>589</b>	<b>+62</b>
Lánveitingar, nettó .....	33	5	-28
Hlutafé, stofnfjárframlög .....	105	96	-9
Afborganir af lánum:			
Seðlabanki Íslands .....	60	110	+50
Annað .....	329	378	+49
<b>III Viðskiptareikningar, nettóútstreymi</b> .....	<b>15</b>	<b>160</b>	<b>+145</b>
<b>IV Fjárförf (III+II-I)</b> .....	<b>508</b>	<b>1 912</b>	<b>+1 404</b>
<b>V Lánahreyfingar, innstreymi</b> .....	<b>525</b>	<b>1 165</b>	<b>+640</b>
Lántökur ríkissjóðs:			
Seðlabanki Íslands .....	—	623	+623
Annað .....	525	543	+17
<b>Greiðsluafkoma (V-IV)</b> .....	<b>17</b>	<b>-747</b>	<b>-764</b>

Augljóst er af yfirlitinu að óhagstæð rekstrarafkoma ríkissjóðs er helsta skýringin á fráviki greiðsluafkomunnar frá áætlun. Fjárlög ársins 1983 gerðu ráð fyrir 34 m.kr. rekstrarafgangi, en í reynd varð rekstrarhalli um 1 163 m.kr., eða sem nemur 1 197 m.kr. í heildarfrávik. Ekki er ástæða til að fjölyrða frekar um tekna- og gjaldahlíð ríkissjóðs en þegar hefur verið gert hér að framan. Útstreymi á lánaþreyingum var áætlað um 527 m.kr. í fjárlögum 1983, en það reyndist um 589 m.kr. samkvæmt bráðabirgðatölum. Mismunurinn liggur aðallega í hærri afborgunum af áhvílandi lánnum en fjárlög gerðu ráð fyrir. Útstreymi á viðskiptareikningum varð mun meira en fjárlög gerðu ráð fyrir, eða sem nemur 145 m.kr., og skýrist það frávik einkum af 120 m.kr. fjárútleigun ríkissjóðs til húsbýggingarsjóðanna til að gera þeim kleift að standa undir 50% hækkun lánveitinga áráanna 1982 og 1983 samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar. Samkvæmt framansögðu jókst fjárþörf ríkissjóðs um 1 404 m.kr. umfram áætlun fjárlaga.

Í fjárlögum og lánsfjárlögum 1983 var fjáröflun til A-hluta ríkissjóðs áformuð alls 525 m.kr. og námu sambærilegar lántökur alls 543 m.kr. Hins vegar nam viðbótarfjárþörf ríkissjóðs 1 404 m.kr. og var hún fjármögnuð innan ársins með yfirdrætti í Seðlabankanum. Í desembermánuði sl. tók ríkissjóður um 620 m.kr. erlent lán til að fjármagna hluta yfirdrattarskuldarinnar, en gert er ráð fyrir að tekið verði viðbótarlán á fyrri hluta ársins 1984 til að fjármagna afganginn. Nauðsynleg lántaka ríkissjóðs til að jafna neikvæða greiðsluafkomu nemur því 747 m.kr.

### 3. Lántökur hins opinbera 1983

Lánsfjárlög 1983 byggðust á sömu forsendum um breytingar á verðlagi og gengi og fjárlög ársins. Tafla 8 í viðauka sýnir lánsfjáröflun og lánsfjárráðstöfun ríkissjóðs, ríkisfyrirtækja og sveitarfélaga á árinu 1983. Í mörgum tilvikum eru veruleg frávik á gildandi lántökuheimildum annars vegar og raunverulegri afgreiðslu lánsfjár hins vegar. Slík frávik skýrast oft af örari verðlags- og gengisbreytingum en forsendur lánsfjárlaga gerðu ráð fyrir.

#### 3.1 Lánsfjáröflun

Heildarfjáröflun A- og B-hluta ríkissjóðs var áformuð alls 1 723 m. kr. í lánsfjárlögum 1983. Innlend fjáröflun ríkissjóðs var áætluð alls 821 m. kr., þar af var gert ráð fyrir að afla 388 m. kr. á innlendum lánsfjármarkaði með sölu spariskírteina og skuldabréfa. Þar til viðbótar var ráðgert að afla ríkissjóði alls 902 m. kr. með erlendum lántökum. Þá voru fyrirhugaðar erlendar lántökur fyrirtækja með eignaradild ríkissjóðs að fjárhæð alls 1 004 m. kr. og sveitarfélaga alls 336 m. kr. Að lokum námu áætlaðar innlendar lántökur húsnæðislánasjóðanna 597 m. kr.

Hér á eftir verður farið nokkrum orðum annars vegar um innlenda lánsfjáröflun og hins vegar um erlendar lántökur þessara aðila á árinu 1983.

*Innlend lánsfjáröflun:* Eins og fram hefur komið voru innlendar lántökur ríkissjóðs áformaðar 388 m. kr. og hjá húsnæðislánakerfinu 597 m. kr. Sala skuldabréfa framan af árinu 1983 gaf til kynna að erfitt yrði að afla þess lánsfjár innanlands sem að var stefnt í lánsfjárlögum. Í stefnuyfirlýsingu núverandi ríkisstjórnar kemur fram að leita beri leiða til að efla innlendan sparnað, m. a. með því bjóða upp á fjölbreyttari sparnaðarform fyrir almenning. Í þessu skyni voru afgreidd frá Alþingi lög nr. 79/1983 sem heimila ríkissjóði útgáfu fjölbreyttari skuldarviðurkenninga.

Nokkur brestur varð á að áætlun um innlenda lánsfjáröflun stæðist og tókst aðeins að afla ríkissjóði 207 m. kr. og húsbýggingarsjóðunum 420 m. kr. Eftirfarandi yfirlit sýnir sundurliðun á innlendra lánsfjáröflun miðað við lánsfjárlög 1983 og bráðabirgðaniðurstöðutölur ársins (í m. kr.):



## Yfirlit VI

	(1) Lánsfjárlög 1983	(2) Bráðabirgðatölur 1983
Spariskírteini ríkissjóðs .....	200	101
Ný verðbréfaútgáfa .....	—	43
Ríkissjóður .....	—	—
Húsbyggingarsjóðir .....	—	43
Verðbréfakaup bankakerfisins af ríkissjóði .....	103	19
Verðbréfakaup lífeyrissjóða .....	564	472
Af ríkissjóði .....	85	87
Af húsbyggingarsjóðunum .....	479	385
Verðbréfakaup atvinnuleysistryggingasjóðs af Byggingarsjóði ríkisins .....	76	0
Skyldusparnaður, nettó, til Byggingarsjóðs ríkisins .....	42	-8
Samtals	985	627

Sala hefðbundinna spariskírteina ríkissjóðs gekk erfiðlega og tókst aðeins að afla helmings þess fjár sem upphaflega stóð til að afla. Einnig var greiðslustaða húsbyggingarsjóðanna erfið á árinu sökum þess hve mjög skorti á að fjáröflun væri í samræmi við áætlanir. Vegna erfiðrar lausafjárstöðu reyndist Atvinnuleysistryggingasjóði ókleift að kaupa skuldabréf af Byggingarsjóði ríkisins, þrátt fyrir áform um 76 m. kr. kaup. Endurgreiðslur á skyldusparnaði ungmenna voru 8 m. kr. hærrí en innstreymi, en gert var ráð fyrir 42 m. kr. jákvæðu innstreymi. Að lokum voru verðbréfakaup lífeyrissjóðanna af byggingarsjóðunum 94 m. kr. lægri en áætlað hafði verið.

Ákvörðun ríkisstjórnarinnar í október sl. um að hækka lánveitingar Húsnaðisstofnunar á árunum 1982 og 1983 um 50% leiddi til 280—290 m. kr. aukinnar fjárþarfar. Þar af komu um 160 m. kr. til útgreiðslu á árinu 1983 og var það fjármagnað með 43 m. kr. skuldabréfasölu og 120 m. kr. fjárútvægum ríkissjóðs.

*Erlendar lántökur:* Heildarlántökur opinberra aðila erlendis voru áætlaðar alls 2 242 m. kr., þar af námu heimildir í lánsfjárlögum 2 112 m. kr. og heimildir í sérlögum alls 130 m. kr. Erlendar lántökur 1983 reyndust alls 2 915 m. kr. Skýrist þessi hækking bæði af því að innlenda lánsfjáröflunin reyndist minni en áætlað hafði verið, auk þess sem verðlags- og gengisbreyting varð önnur en lánsfjárlög gerðu ráð fyrir.

### 3.2 Lánsfjárráðstöfun

Tafla 8 í viðaukanum sýnir lántökur einstakra opinberra aðila á árinu 1983. Þar er einnig greint frá þeim heimildum sem liggja til grundvallar fyrir lántökum hverju sinni. Heildarráðstöfun lánsfjár opinberra aðila á árinu 1983 nam 2 915 m. kr. Hér á eftir er í stuttu máli fjallað um lántökur ríkissjóðs, ríkisfyrirtækja og sveitarfélaga. Ráðstöfun lánsfjár til A-hluta ríkissjóðs nam alls 543 m. kr., þar af voru teknar 481 m. kr. um endurlána-reikning ríkissjóðs og um 62 m. kr. hjá öðrum aðilum. Tímabundin fjárþörf ríkissjóðs á árinu 1983 var fjármögnuð með yfirdrætti í Seðlabankanum, sem hefur að hluta verið breytt í langtímalán, en ráðgert er að endanlegt uppgjör fari fram síðar, eins og greint hefur verið frá.

Lánsfjárráðstöfun B-hluta ríkissjóðs reyndist 1 536 m. kr, þ. e. 307 m. kr. umfram fyrirbyggjandi lántökuheimildir. Þó svo að viðbótarfjárförfin myndist að hluta til af gengisbreytingum er talið rétt varðandi ríkisfyrirtæki í B-hluta að leita viðbótarlántökuheimilda og er það gert í lánsfjárlögum fyrir 1984. Þar sem gengisþróun á árinu 1983 reyndist mjög frábrugðin forsendum lánsfjárlaga urðu fjármagnsútgjöld vegna Kröfluvirkjunar og byggðalína verulega hærri en gert hafði verið ráð fyrir. Auk þess þarf að afla viðbótarheimilda vegna nokkurra aðila, eins og fram kemur í töflu 8 og er ekki ástæða til að telja upp.

Lántökur fyrirtækja með eignaraðild ríkissjóðs voru 1 197 m. kr. á árinu 1983, en lántökur voru áætlaðar alls 1 029 m. kr. Frávik eru aðallega hjá Landsvirkjun og skýrist eingöngu af gengisbreytingu. Lánsfjárlög gerðu ráð fyrir 336 m. kr. lántökum sveitarfélaga á árinu 1983, en að auki er leitað 10 m. kr. viðbótarheimildar í lánsfjárlögum 1984 vegna nýrra eða viðbótarframkvæmda.

#### 4. Töfluviðauki


- Tafla 1. Tekjur ríkissjóðs, A-hluti 1982 og 1983. Greiðslugrunnur.  
 Tafla 2. Útgjöld ríkissjóðs A-hluti, 1982 og 1983. Greiðslugrunnur.  
 Tafla 3. Ríkisútgjöld 1979—1983, eftir málefnaflokkum, sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu.  
 Tafla 4. Afkoma ríkissjóðs 1971—1983, A-hluti.  
 Tafla 5. Ríkisútgjöld sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu 1971—1983.  
 Tafla 6. Skuld ríkissjóðs 1977—1983 samkvæmt ríkisreikningi.  
 Tafla 7. Skuld ríkissjóðs 1977—1983. Stöðutölur á verðlagi í árslok 1982.  
 Tafla 8. Lánsfjárlög 1983 og afgreiðsla lánsfjár 1983. Bráðabirgðatölur.

#### Tafla 1

#### Tekjur ríkissjóðs A-hluti 1982 og 1983. Greiðslugrunnur Í milljónum króna

	Innheimt 1982	Innheimt 1983	Hækkun %	Fjárlög 1983
<b>Beinir skattar</b> .....	<b>1 493</b>	<b>2 412</b>	<b>62</b>	<b>2 423</b>
Tekju- og eignarskattar .....	1 406	2 275	62	2 293
Sjúkratryggingargjald .....	47	74	57	80
Erfðafjárskattur .....	28	37	32	22
Framkvæmdasjóður aldraðra .....	12	26	117	28
<b>Óbeinir skattar</b> .....	<b>7 884</b>	<b>12 196</b>	<b>55</b>	<b>10 356</b>
Aðflutningsgjöld .....	1 376	1 999	45	1 641
Innflutningsgjald af bifreiðum .....	106	81	-23	110
Innflutningsgjald af bensíni og gúmmígjald .....	273	475	74	408
Bifreiðaskattur .....	113	199	76	160
Sölu- og orkujöfnunargjald .....	3 387	5 601	65	4 610
Launaskattur .....	484	677	40	590
Tryggingagjöld .....	207	326	57	333
Hagnaður ÁTVR .....	581	724	25	830
Stimpilgjöld o. fl. ....	210	337	60	283
Vörugjald .....	778	1 145	47	963
Verðjöfnunargjald raforku .....	112	261	133	120
Aðrir óbeinir skattar .....	257	371	44	308
<b>Arðgreiðslur, vextir o. fl.</b> .....	<b>185</b>	<b>492</b>	<b>166</b>	<b>228</b>
<b>Tekjur samtals</b>	<b>9 562</b>	<b>15 100</b>	<b>58</b>	<b>13 007</b>

Hlutfallsleg skipting gjalda og tekna 1983 eftir málaflokkum  
(% af heildargjöldum)



**Tafla 2**

**Útgjöld ríkissjóðs A-hluti 1982 og 1983, eftir málefnaflokkum. Greiðslugrunnur**  
 Í milljónum króna

	Útgjöld 1982	Útgjöld 1983	Hækkun %	Fjárlög 1983
<b>1 Almenn mál</b> .....	<b>977</b>	<b>1 698</b>	<b>74</b>	<b>975</b>
11 Almenn þjónusta og löggæsla .....	877	1 495	70	862
12 Utanríkisþjónusta .....	100	203	103	113
<b>2 Félagsmál</b> .....	<b>5 319</b>	<b>9 483</b>	<b>78</b>	<b>7 401</b>
21 Mennta-, menningar- og kirkjumál .....	1 532	2 653	73	1 880
22 Heilbrigðismál .....	821	1 783	117	1 319
23 Velferðarmál .....	2 966	5 047	70	4 202
<b>3 Atvinnumál</b> .....	<b>2 559</b>	<b>4 163</b>	<b>63</b>	<b>3 246</b>
31 Niðurgreiðslur .....	804	1 035	29	839
32 Landbúnaður .....	376	625	66	569
33 Sjávarútvegur .....	136	257	89	175
34 Iðnaðar- og orkumál .....	316	736	133	455
35 Samgöngur .....	927	1 510	63	1 208
<b>4 Ýmis mál</b> .....	<b>469</b>	<b>919</b>	<b>96</b>	<b>1 351</b>
<b>5 Gjöld samtals</b> .....	<b>9 324</b>	<b>16 263</b>	<b>74</b>	<b>12 973</b>

**Tafla 3**

**Ríkisútgjöld 1979—1983, eftir málefnaflokkum, sem hlutfall af vergri þjódarframleiðslu**

	1979	1980	1981	1982	1983
<b>1 Almenn mál</b> .....	<b>2,9</b>	<b>2,9</b>	<b>2,9</b>	<b>3,1</b>	<b>3,2</b>
11 Almenn þjónusta og löggæsla .....	2,6	2,6	2,6	2,8	2,8
12 Utanríkisþjónusta .....	0,3	0,3	0,3	0,3	0,4
<b>2 Félagsmál</b> .....	<b>15,5</b>	<b>15,7</b>	<b>17,0</b>	<b>17,1</b>	<b>17,9</b>
21 Mennta-, menningar- og kirkjumál .....	4,5	4,6	4,7	4,9	5,0
22 Heilbrigðismál .....	2,2	2,3	2,5	2,6	3,4
23 Velferðarmál .....	8,8	8,8	9,8	9,6	9,5
<b>3 Atvinnumál</b> .....	<b>8,4</b>	<b>7,9</b>	<b>7,9</b>	<b>8,3</b>	<b>7,9</b>
31 Niðurgreiðslur .....	2,7	2,0	1,8	2,6	1,9
32 Landbúnaður .....	1,4	1,3	1,4	1,2	1,2
33 Sjávarútvegur .....	0,5	0,5	0,5	0,5	0,5
34 Iðnaðar- og orkumál .....	1,3	1,2	1,3	1,0	1,4
35 Samgöngur .....	2,5	2,9	2,9	3,0	2,9
<b>4 Ýmis mál</b> .....	<b>1,8</b>	<b>1,3</b>	<b>1,5</b>	<b>1,5</b>	<b>1,7</b>
<b>5 Gjöld samtals</b> .....	<b>28,6</b>	<b>27,8</b>	<b>29,3</b>	<b>30,0</b>	<b>30,7</b>

**Tafla 4**

**Afkoma ríkissjóðs 1971—1983, A-hluti**  
Í milljónum króna

	1971	1972	1973	1974	1975	1976	1977	1978	1979	1980	1981	1982	1983 <sup>1)</sup>
<b>I Greiðsluafkoma:</b>													
Jöfnuður gjalda, tekna og lána, án lána við Seðlabanka													
Gjöld .....	-132	-182	-248	-403	-576	-698	-1011	-1611	-2467	-3766	-5911	-9324	-16263
Tekjur .....	130	178	240	358	493	683	956	1543	2378	3681	5997	9562	15100
Samtals	-2	-4	-8	-45	-83	-15	-55	-68	-89	-85	+86	+238	-1163
Lánahreyfingar utan Seðlabanka .....	+3	+6	+7	+8	+17	+14	+34	+29	+30	+75	+86	-91	-97
Samtals	+1	+2	-1	-37	-66	-1	-21	-39	-59	-10	+172	+147	-1260
Jöfnuður greiðslufjárreikninga að meðtöldum lánareikningum við Seðlabanka													
Greiðsluhreyfing við Seðlabanka .....	-2	+1	-4	-35	-55	-9	-21	-45	+22	+45	+158	+126	-1260
Sjóður og bankareikningar utan Seðlabanka .	+1	0	+1	+1	0	+4	+4	+8	+1	+17	-1	0	-3
Greiðsluhreyfing við bankakerfið .....	-1	+1	-3	-34	-55	-5	-17	-37	+23	+62	+157	+126	-1263
Ýmsir viðskiptamenn .....	+2	+1	+2	-3	-11	+4	-4	-2	-82	-72	+15	+21	+3
Samtals	+1	+2	-1	-37	-66	-1	-21	-39	-59	-10	+172	+147	-1260
<b>II Rekstrarafkoma:</b>													
Rekstrarjöfnuður tekna og gjalda .....	-3	+1	-3	-35	-75	+8	-25	-16	-11	+139	+175	+850	...

1) Skv. bráðabirgðauppjöfri.

**Tafla 5****Ríkisútgjöld sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu 1971—1983**  
Útgjöld skv. A-hluta ríkisreiknings. Rekstrargrunnur.

	Heildarútgjöld %	Þar af framlög til almannatrygginga og niðurgreiðslna %	Útgjöld að frátöldum framlögum til almannatrygginga og niðurgreiðslna %
1971 .....	24,6	9,3	15,3
1972 .....	26,9	10,8	16,1
1973 .....	26,0	10,6	15,4
1974 .....	29,1	10,8	18,3
1975 .....	30,4	11,4	19,0
1976 .....	26,5	9,4	17,1
1977 .....	27,0	7,6	19,4
1978 .....	28,6	9,5	19,1
1979 .....	29,5	10,5	19,0
1980 .....	28,2	9,8	18,4
1981 .....	29,9	10,6	19,3
1982 .....	30,5	11,3	19,2
1983 <sup>1)</sup> .....	30,7	10,3	20,4

1) Skv. bráðabirgðatölum á greiðslugrunni og miðað við 53 065 m. kr. áætlaða verga þjóðarframleiðslu 1983. Athygli er vakin á að VPF dróst saman um 2,0% 1975, 2,3% 1982 og 3,9% 1983, sem skýrir að hluta háar hlutfallstölur þessi ár.

**Tafla 6**

**Skuld ríkissjóðs 1977—1983 samkvæmt ríkisreikningi**

Ár	Við Seðlabanka										Við aðra innlenda og erlenda aðila			Heildarskuld			
	Yfirdr.			Stutt lán			Löng lán			Bankainnist.			Staða			Verðlag hvers árs	Fast verðlag í árslok 1983
	A	B	C	A	B	C	A	B	C	D	A+B+C-D	A	B	C	A+B+C		
<b>Stöðutölur í árslok í milljónum króna</b>																	
1977	26,3	—	128,4	3,0	151,7	0,3	12,3	193,0	205,6	357,3	4 973,0						
1978	109,2	—	169,7	6,3	272,6	2,7	37,6	322,1	362,4	635,0	5 855,0						
1979	9,1	85,0	261,6	59,8	295,9	2,9	43,6	501,2	547,7	843,6	5 259,0						
1980	32,7	40,0	305,5	47,7	330,5	5,8	72,3	845,4	923,5	1 254,0	5 149,0						
1981	26,7	40,0	288,7	105,3	250,1	9,4	109,7	1 396,7	1 515,8	1 765,9	4 819,0						
1982	74,4	49,0	198,5	117,3	204,6	20,3	168,4	3 264,6	3 453,3	3 657,9	6 082,0						
1983 <sup>1)</sup>	—	49,0	790,0	-704,1 <sup>2)</sup>	1 543,1	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...
<b>Hreyfing milli ára</b>																	
1977/1978	+82,9	—	+41,3	+3,3	+120,9	+2,4	+25,3	+129,1	+156,8	+277,7	+882,0						
1978/1979	-100,1	+85,0	+91,9	+53,5	+23,3	+0,2	+6,0	+179,1	+185,3	+208,6	-596,0						
1979/1980	+23,6	-45,0	+43,9	-12,1	+34,6	+2,9	+28,7	+344,2	+375,8	+410,4	-110,0						
1980/1981	+6,0	0	-16,8	+57,6	-80,4	+3,6	+37,4	+551,3	+592,3	+511,9	-330,0						
1981/1982	+47,7	+9,0	-90,2	+12,0	-45,5	+10,9	+58,7	+1867,9	+1937,5	+1892,2	+1263,0						
1982/1983	—	0	+591,5	-747,0	+1338,5	...	...	...	...	...	...						

1) Samkvæmt bráðbirgðatölum ríkisbókhalds.

2) Hér er um nettóstöðu bankareikninga í Seðlabanka að reða, þ. e. bankainnstaður að frádrögnum yfirdrætti.



**Tafla 7**

**Skuld ríkissjóðs 1977—1983**  
Stöðutölur á verðlagi í árslok 1983 í m. kr.

Ár	Seðlabanki Íslands		Við aðra erl. og innl. aðila		Heildarskuld	
	Staða	Staða, verðlag í árslok 1983	Staða	Staða, verðlag í árslok 1983	Staða	Staða, verðlag í árslok 1983
1977 .....	151,7	2 111,0	205,6	2 862,0	357,3	4 973,0
1978 .....	272,6	2 514,0	362,4	3 342,0	635,0	5 856,0
1979 .....	295,9	1 845,0	547,7	3 414,0	843,6	5 259,0
1980 .....	330,5	1 357,0	923,5	3 792,0	1 254,0	5 149,0
1981 .....	250,1	682,0	1 515,8	4 136,0	1 765,9	4 818,0
1982 .....	204,6	340,0	3 453,3	5 742,0	3 657,9	6 082,0
1983 .....	1 543,1	1 543,1	...	...	...	...

**Tafla 8**

**Lántökuheimildir 1983 og afgreiðsla lánsfjár 1983 samkvæmt bráðabirgðatölum**  
allar fjárhæðir í þús. kr.

	Láns- fjárlög 1983	Aðrar heimildir 1983	Heimildir alls	Afgreitt 1983	Mismunur
<b>1. Ríkissjóður</b>					
<b>1.1 A-hluti:</b>	<b>525 000</b>	<b>18 465<sup>1)</sup></b>	<b>543 465</b>	<b>543 465<sup>2)</sup></b>	<b>0</b>
Þjóðarbókhlaða .....	10 000	—	—	5 800	
Vegagerð .....	249 000	—	—	220 000	
Landshafnir .....	5 500	—	—	5 500	
Hlutafjár- og eiginfjárframlög .....	105 000	—	—	30 900	
Aðstoð við Flugleiðir hf. ....	34 400	—	—	34 400	
Styrking dreifikerfis í sveitum .....	27 000	—	—	27 000	
Hafnargerð vegna skipaðnaðar .....	20 400	—	—	20 400	
Jarðhitaleit .....	4 000	—	—	4 000	
Sveitarafvæðing og einkarafstöðvar .....	4 500	—	—	4 500	
RARIK, fjármagnskostnaður .....	12 200	—	—	12 200	
Annað .....	53 000	—	—	178 765	

**Tafla 8 frh.**

	Láns- fjárlög 1983	Aðrar heimildir 1983	Heimildir alls	Afgreitt 1983	Mismunur
<b>1.2 B-hluti</b>	<b>1 148 130</b>	<b>377 226</b>	<b>1 525 356</b>	<b>1 536 189</b>	<b>-10 833</b>
Bygðasjóður	100 000	0	100 000	136 600	-36 600 <sup>3)</sup>
Byggingarsjóður ríkisins	—	43 000 <sup>4)</sup>	43 000	43 000	0
Landakaup kaupstaða og kauptúna	1 000	0	1 000	0	+1 000 <sup>5)</sup>
Byggingarsj. rannsóknast. atvinnuv.	10 000	0	10 000	10 000	0
Framleiðnisjóður landbúnaðarins		2 000 <sup>6)</sup>	2 000	2 000	0
Jarðasjóður	5 000	0	5 000	1 500	+3 500 <sup>5)</sup>
Lánasjóður ísl. námsmanna	138 000	0	138 000	138 000	0
Lagmetisiðjan Siglósíld	4 000	6 000 <sup>6)</sup>	10 000	10 000	0
Skipaútgerð ríkisins	9 800	0	9 800	9 400	+400 <sup>5)</sup>
RARIK, alm. framkvæmdir	138 630	9 844 <sup>6)</sup>	148 474	148 474	0
Kröfluvirkjum, framkvæmdir	60 000	844 <sup>6)</sup>	60 844	60 844	0
Kröfluvirkjun, fjármagnsútgjöld	219 400	174 408 <sup>6)</sup>	393 808	393 808	0
Virkjunarrannsóknir, framkvæmdir	25 000	-25 000 <sup>6)</sup>	0	0	0
Virkjunarrannsóknir, fjármagnsútgjöld	21 800	0	21 800	21 800	0
Orkusjóður, byggðalínur, fjárm.útgj.	224 500	76 576 <sup>6)</sup>	301 076	301 076	0
Orkusjóður, hitaveitulán	7 500	0	7 500	1 050	+6 450 <sup>5)</sup>
Orkusjóður, jarðhitaleit	10 000	0	10 000	10 000	0
Orkusjóður, sveitarafvæðing	13 000	0	13 000	13 000	0
Iðnaðarrannsóknir	3 000	0	3 000	0	+3 000 <sup>5)</sup>
Síldarverksmiðjur ríkisins	36 000	12 507 <sup>6)</sup>	48 507	48 507	0
Sementsverksmiðja ríkisins	28 000	15 087 <sup>6)</sup>	43 087	43 087	0
Landssmiðjan	12 000	0	12 000	3 000	+9 000 <sup>5)</sup>
Áburðarverksmiðjan	43 400	12 360 <sup>7)</sup>	55 760	55 760	0
Póstur og sími: Vörukaupalán o. fl.	4 900	0	4 900	4 900	0
Póstur og sími: Lagning sjálfvirkis síma	0	49 600 <sup>8)</sup>	49 600	53 983	-4 383 <sup>9)</sup>
Fljótisdalsvirkjun, fjármagnsútgjöld	26 400	0	26 400	26 400	0
Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli	6 800	0	6 800	0	+6 800 <sup>5)</sup>

1) Heimild er í 6. gr. fjárlaga 1983.

2) Hér er um að ræða lántöku utan Seðlabanka. Jafnframt þessu námu lántökur ríkissjóðs í Seðlabankanum um 1 370 m. kr. á árinu 1983, þar af hafði 623 m. kr. verið breytt í langtímalán í árslok. Afborganir ríkissjóðs af lánunum í Seðlabankanum námu 110 m. kr.

3) Mismunur orsakast af gengismun.

4) Heimild samkvæmt lögum nr. 79/1983 um innlenda lánsfjáröflun og er leitað staðfestingar Alþingis fyrir fjárhæðinni í lánsfjárlögum 1984.

5) Heimild ekki nýtt á árinu 1983 og fellur niður.

**Tafla 8. frh.**

	Láns- fjárlög 1982	Aðrar heimildir 1982	Heimildir alls	Afgreitt 1982	Mismunur
<b>1. Ríkissjóður A- og B-hluti</b> . . . . .	<b>1 673 130</b>	<b>395 691</b>	<b>2 068 821</b>	<b>2 079 654</b>	<b>-10 833</b>
<b>2. Fyrirtæki með eignaraðild ríkis- sjóðs</b>	<b>924 000</b>	<b>105 000</b>	<b>1 029 000</b>	<b>1 197 228</b>	<b>-168 228</b>
Landsvirkjun . . . . .	500 000	25 000 <sup>6)</sup>	525 000	694 000	-169 000 <sup>10)</sup>
Landsvirkjun, byggðalínur . . . . .	160 000	0	160 000	200 000	-40 000 <sup>10)</sup>
Landsvirkjun, Blönduvirkjun . . . . .	200 000	0	200 000	168 700	+31 300 <sup>10)</sup>
Orkubú Vestfj. raforkuframkv. . . . .	26 000	0	26 000	26 000	0
Orkubú Vestfjarða, hitaveita . . . . .	5 000	0	5 000	5 000	0
Sjóefnavinnsla, steinullarverk- smiðja, stálfélag . . . . .	0	80 000 <sup>11)</sup>	80 000	79 659	+341 <sup>11)</sup>
Kísiliðjan . . . . .	3 000	0	3 000	869	+2 131 <sup>5)</sup>
Grænfóðurverksmiðjur . . . . .	5 000	0	5 000	4 000	+1 000 <sup>5)</sup>
Annað . . . . .	25 000	0	25 000	19 000	+6 000 <sup>5)</sup>
<b>3. Sveitarfélög</b>	<b>335 900</b>	<b>9 939</b>	<b>345 839</b>	<b>339 039</b>	<b>6 800</b>
Hitaveita Suðurnesja . . . . .	180 100	0	180 100	180 100	0
Hitaveita Borgarfj. og Akraness . . . . .	95 800	0	95 800	48 600	47 200 <sup>5)</sup>
Hitaveita Akureyrar . . . . .	40 000	0	40 000	80 400	-40 400
Ýmislegt . . . . .	20 000	9 939 <sup>6)</sup>	29 939	29 939	0
<b>4. Ráðstöfun (1 + 2 + 3) = fjáröflun (5 + 6)</b>	<b>2 933 030</b>	<b>510 630</b>	<b>3 443 660</b>	<b>3 615 921</b>	<b>-172 261</b>
<b>5. Innland fjáröflun</b>	<b>821 000</b>	<b>43 000</b>	<b>864 000</b>	<b>700 902</b>	<b>163 098</b>
Spariskírteini . . . . .	200 000	0	200 000	101 200	98 800
Innheimt umfram innlausn . . . . .	360 000	0	360 000	359 999	1
Verðbréfab. banka og viðlagatr. . . . .	103 000	0	103 000	18 803	84 197
Verðbréfabkaup lífeyrissjóða . . . . .	85 000	0	85 000	87 000	-2 000
Sérstök fjáröflun til húsnæðism. . . . .	0	43 000 <sup>7)</sup>	43 000	43 000	0
Önnur fjáröflun . . . . .	73 000	0	73 000	90 900	-17 900
<b>6. Erlend lán</b>	<b>2 112 030</b>	<b>467 630</b>	<b>2 579 660</b>	<b>2 915 019</b>	<b>-335 359</b>
Ríkissjóður A- og B-hluti . . . . .	852 130	352 691	1 204 821	1 378 752	-173 931
Fyrirtæki með eignaraðild ríkis- sjóðs . . . . .	924 000	105 000	1 029 000	1 197 228	-168 228
Sveitarfélög . . . . .	335 900	9 939	345 839	339 039	6 800

6) Heimildar til lántöku leitað í lánsfjárlögum 1984.

7) Ónýt lántökuheimild flutt frá fyrra ári.

8) Með samningi milli ríkisstjórnar Íslands og Landsvirkjunar um virkjanamál, yfirtöku byggðalína o. fl. frá í ágúst 1982 tók Landsvirkjun að sér rannsóknir, hönnun og undirbúningsframkvæmdir við virkjanir sem fram til þess tíma voru í höndum RARIK og Orkustofnunar. Lántökuheimild vegna virkjanarannsóknna 1983 (25 m. kr.) var því flutt yfir til Landsvirkjunar.

9) Heimild til lántöku er í lögum nr. 32/1981 um lagningu sjálfvirks síma.

10) Heimildir Landsvirkjunar til lántöku námu alls 885 m. kr., en þær reyndust alls 1 063 m. kr. Mismunurinn orsakast af gengismun.

11) Heimildir til lántöku eru í lögum nr. 61/1981 um steinullarverksmiðju, lögum nr. 62/1981 um sjóefnavinnslu á Reykjanesi og í lögum nr. 59/1981 um stálbræðslu.